

til fiskveiða í landhelgi, 1. gr. og varðar það hann refsingu samkvæmt 13. gr. sömu laga, sbr. enn fremur lög nr. 4 frá 11. apríl 1924.

Refsing kærða þykir, með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu í dag, 33.90 miðað við 100, hæfilega ákveðin 7300 króna sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og afli innanborðs í v/s „Álfur“ S. A. 98, vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærði Evald Hentze greiði 7300 króna sekt til ríkissjóðs Íslands, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, sem eru í v/s „Álvur“, S. A. 98, þar með taldir dragstrengir, sé upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1948.

Nr. 105/1945. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Hrl. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Hjörleifi Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans,

Harðar Ágústs, og gagnsök

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Bifreiðamál. Skaðabótamál.

D ó m u r h æ s t a r é t t a r .

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. ágúst 1945, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að fébætur verði lækkaðar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem tekin verði til greina.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til

hæstaréttar með stefnu 5. október 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. sama mánaðar. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6325.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Ökumanni herbifreiðarinnar var kunnugt eða átti a. m. k. að vera kunnugt, að smábörn væru í nánd við bifreið hans, er hann ók aftur á bak upp Klapparstig og inn í Sölvhólsgötu í umrætt skipti. Bar honum því að gæta ýtrustu varkárni við aksturinn. Á þessu virðist hafa verið misbrestur og er því sá, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, fébótaskyldur vegna slyssins, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Eigi þykja ástæður til skiptingar tjónsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941, þar eð um tæplega 5 ára gamalt barn var að ræða. Samkvæmt lögum nr. 99/1943 á því gagnáfrýjandi rétt á að krefjast fullra fébóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Bætur fyrir þjáningar þykja hæfilega ákveðnar kr. 2500.00. Að því er aðra kröfuliði snertir, á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ber því aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 3625.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í undirrétti og hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hjörleifi Jónssyni f. h. ólögráða sonar hans, Harðar Ágúst, kr. 3625.40 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags og samtals 1200 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. hefur Hjörleifur Jónsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, f. h. ófjárráða sonar síns Harðar Ágúst,

höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. nóv. s. l. gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 6325.40 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til vara, að sök á siðargreindu slysi verði skipt og kröfur stefnanda lækkaðar, en málskostnaðar látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 10. marz 1942 varð sonur stefnanda, Hörður Ágúst, sem þá var 4 ára að aldri, undir amerískri herbifreið og hlaut nokkur meiðsl af.

Sjónarvottur að slysi þessu hefur skýrt svo frá, að dag þenna, um kl. 14, hafi amerískri herbifreið verið ekið aftur á bak upp Klapparstig og síðan sveigt til vinstri inn í Sölvhóls götu. Segir maður þessi, að hægri hlið bifreiðarinnar hafi snúið að sér, en á stigþrepi bifreiðarinnar þeim megin hafi setið tveir litlir drengir. Er drengirnir hafi séð sig, hafi þeir stokkið niður af þrepinu. Hafi þá annar drengurinn dottið og orðið með vinstri fót fyrir hægri frambjóli bifreiðarinnar. Kveðst maður þessi þá hafa kallað til bifreiðarstjórans að stanza, sem hann hafi og þegar gert, enda bifreiðin á mjög hægri ferð, en meiðslum á drengnum hafi þó ekki orðið afstýrt, þar sem hann hafi fallið með fótinn alveg við hjólið. Sæti bifreiðarstjórans kveður maður þessi hafa verið vinstra megin á bifreiðinni og hafi bifreiðarstjórinn horft út um hliðargluggann þeim megin. Hinn slasaði drengur, sem reyndist vera Hörður Ágúst, var síðan fluttur á sjúkrahús og gert að meiðslum hans og lá hann á sjúkrahúsi til 31. marz s. á.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að bifreiðarstjóri hinnar amerísku bifreiðar eigi alla sök á nefndu slysi. Honum hafi borið að líta vel í kringum sig, þegar hann ók aftur á bak upp götu og beygði inn í aðra götu, en ekki hafi verið nægilegt að líta aðeins til vinstri handar. Hafi hann því sýnt gáleysi og aðgæzluleysi við aksturinn.

Með lögum nr. 99 frá 1943 hafi rikissjóður tekið á sig bótaábyrgð á öllu tjóni, er íslenzkir ríkisborgarar biði af aðgerðum hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra. Stefnda ber því að bæta allt það tjón, er orðið hafi af slysi þessu.

Stefndi, sem hefur ekki mótmælt því, að áðurgreind lög komi hér til, byggir sýknukröfu sína á því, að drengurinn Hörður Ágúst eigi sjálfur alla sök á hvernig fór, en bifreiðarstjóranum verði á engan hátt um það kennt. Drengirnir hafi setzt á stigþrep bifreiðarinnar án vitundar bifreiðarstjórans og honum hafi eigi verið gerlegt að sjá þá þar, eða vara sig á veru þeirra þar, en það sé eðlilegt, að hann hafi horft út um vinstri gluggann, þar sem

stýri bifreiðarinnar sé þeim megin og hann hafi ekið aftur á bak til vinstri inn í Sölvhóls götu.

Skýrslu bifreiðarstjórans um atburð þennan hefur eigi verið unnt að afla, þar sem hann er erlendur hermaður, og áðurgreindur sjónarvottur er sá einasti, er um það hefur borið, en aðiljar eru sammála um, að skýrslu þá skuli leggja til grundvallar um slysið.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 skal sá, er ábyrgð ber á bifreið, bæta það tjón, er hlýtt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreið hefði verið í lagi og ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Það verður að visu að telja fram komið í máli þessu, að bifreiðarstjórinn ók hægt í umrætt sinn, en ekki er leitt í ljós, hvort bifreiðin hafði lengri viðdvöl en þá, sem nauðsynleg var, til að heita henni aftur á bak, áður en henni var ekið upp Klapparstig og inn í Sölvhóls götu. Þá er og ekkert upp komið um það, hvenær drengirnir settust á stigþrep bifreiðarinnar, né hvort bifreiðarstjórinn hafði orðið þeirra var. Aðstæður geta því hafa verið þannig, að bifreiðarstjórinn hafi einnig átt að lita út hægra megin í aðgæzluskyni, áður en hann ók bifreiðinni aftur á bak. Ef hann hefði gert það, verður að gera ráð fyrir, að hann hefði komið auga á drengina á stigþrepinu og slysinu þá orðið afstýrt. Er því eigi sýnt fram á, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu af hálfu bifreiðarstjórans, og verður því sýknukrafa stefnda eigi tekin til greina.

Hins vegar verður að telja, að með því að setjast á stigþrep bifreiðarinnar, hafi drengurinn Hörður Ágúst hagað sér svo óvarlega (sbr. 5. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur), að rétt þykir, með skirskotun til ákvæða 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna, að skipta ábyrgð á tjóninu milli aðilja þannig, að stefndi beri bótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er drengurinn Hörður Ágúst hlaut við slys þetta.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Húshjálp	kr. 600.00
2. Lyf og umbúðir	— 130.00
3. Bifreiðakostnaður	— 29.50
4. Fataskemmdir	— 44.90
5. Sjúkrahússreikningur ..	— 176.00
6. Læknishjálp	— 300.00
7. Röntgenskoðun	— 25.00
8. Læknisskoðun	— 20.00
9. Þjáningabætur	— 5000.00

Alls kr. 6325.40

Um 1. Stefndi hefur skýrt svo frá, að vegna meiðsla drengsins hafi verið nauðsynlegt að fá stúlku til aðstoðar á heimilið, en

þar séu í heimili 5 ung börn, en móðirin heilsuveil. Stúlka þessi hafi komið þann 10. marz 1942 og verið til 17. júní 1942 og hafi fengið galdið í kaup kr. 600.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum og málinu óviðkomandi.

Svo sem að framan getur, var Hörður Ágúst á sjúkrahúsi frá $1\frac{1}{2}$ — $3\frac{1}{2}$ 1942 og verður ekki talið, að ástæða hafi verið til að fá aukna húshjálp þann tíma. Hins vegar er fram komið í málinu, að eftir að hann kom heim af sjúkrahúsinu, þurfti hann allmikillar hjúkrunar, og þykir því eðlilegt, að fengin væri stúlka á heimilið til aðstoðar. Með tilliti til þessa þykir stefnandi eiga rétt á bótum samkvæmt þessum lið og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 400.00.

Um 2—8. Liðir þessir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina að öllu leyti.

Um 9. Meiðsli þau, er Hörður Ágúst hlaut í umrætt sinn, voru þau, að á innanvert vinstra hné kom 16—18 cm langur skurður, S-laga, nokkuð tættur og mjög óhreinn. Húðsepi, lófastór, var laus og holt upp undir hnéskel, en sárið náði þó ekki inn í hnéliðinn. Gert var að sárunum þegar í stað, og lá hann á sjúkrashúsi til 31. marz s. á., en fór þá heim. Var þó áfram undir læknishendi, þar sem gróf í sárinu og það greri illa. Læknir virðist hafa stundað drenginn til 11. marz 1943 (sic), en eftir það virðist hjúkrun í heimahúsum hafa verið látin nægja.

Þann 25. október 1944 var Hörður Ágúst skoðaður af Jóhanni Sæmundssyni tryggingayfirlækni. Segir svo í vottorði hans: „Örið innan á vinstra hné liggur upp og niður, er allt að 15 cm langt, 3 cm breitt mest, fullgróið, laust við vefina undir hörundinu. Kipringur er í því, en ekki svo það hindri neitt breytingar á hnélið.“ Telur læknirinn, að varanleg örorka af þessum sökum sé ekki mælanleg.

Með skírskotun til alls þessa, svo og annars þess, sem fram er komið í málinu um þessi atriði, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1500.00.

Samkvæmt framanrituðu telst tjón stefnanda í þessu sambandi kr. 2625.40 (kr. 400.00 + kr. 130.00 + kr. 29.50 + kr. 44.90 + kr. 176.00 + kr. 300.00 + kr. 25.00 + 20.00 + kr. 1500.00), og ber stefnanda að bæta honum helming þess eða kr. 1312.70 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 350.00 í málskostnað.

Einar Arnalds, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hjörleifi Jónssyni f. h. ófjárráða sonar hans, Harðar Ágústis,

kr. 1312.70 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1948.

Nr. 56/1947. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Höskuldi Guðmundssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiða- og umferðarlagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur Aðalsteinn Ingimundarson, sem var farþegi í bifreið ákærða til Hofsóss, komið fyrir dóm, en eigi bar hann um sakaratriði neitt það, er máli skipti.

Atvik málsins eru rétt rakin í héraðsdómi. Farþegaskýli það, er ákærði hafði á bifreið sinni, var eigi gert með þeim hætti né svo fest á pall bifreiðarinnar, sem lög mæla. Farþegar ákærða voru flestir mjög ölvaðir og sumir svo ofsa-fengnir, að til hörku áfloga kom milli þeirra í bifreiðinni, áður en lagt var upp frá Hofsósi. Það var því mjög óvarlegt af ákærða að hefja ferð, er svo stóð á. Skammt frá Hofsósi ók ákærði fram á bifreiðina K 37, er mun hafa verið á um 30 kílómetra hraða, miðað við klukkustund. Er svo var ástatt um farþega og bifreið ákærða, sem að framan er lýst, bar ákærða að gæta ýtrustu varkárni og aka mjög hægt, alls ekki hraðar en bifreið sú, er á undan honum var. Þrátt fyrir þetta ók ákærði út af veginum til vinstri og fram úr K 37. Er hann var að fara yfir ræsi það, sem lýst er í héraðsdómi, og inn á veginn, kastaðist bifreiðin svo til, að einn farþeganna, Sigurbergur Steinsson, féll út úr farþegaskýlinu til jarðar, og leiddi það fall til dauða hans skömmu síðar. Þessi akstur ákærða, sem mannsbani hlaut af, var stórkostlega